

## Stjórnarfundur Prentsöguseturs 02.04 2020

Sökum Covid-19 er stjórnarfundur í gegnu fjarfundarbúnað.

**Mætt:** Heimir, Hjörtur, Haukur Már, Sófus, Katrín og Svanur.

**Boðuð forföll:** Þorsteinn

Heimir formaður setti fundinn og skipði síðan Hauk sem fundarstjóra.

### Dagskrá fundar:

1. Aðalfundur
2. Lagabreytingar
3. Önnur mál
  - a. Staða á geymslumálum
  - b. Tengiliðaskrá

**1. Aðalfundur.** Aðalfundi frestað til 6. júní. 12:30.

**2. Lagabreytingar.** Farið var yfir lagabreytingar og athugasemdir sem komu eftir síðasta fund. Heimir vildi fá að skoða málið nánar og því var lagt til að lagabreytingar yrðu lagðar fram til samþykktar á næsta fundi.

#### Breytingartillögur eru eftirfarandi:

**5. gr. Félagsaðild, réttindi.** Viðbót: Fyrirtæki, félög og félagasamtök geta öðlast félagsaðild að Prentsögusetri. Þau eiga rétt á einum atkvæðisbærum fulltrúa á fundum félagsins, að uppfylltum skilyrðum 1. mgr. hér að framan.

**8. gr. Aðalfundur.** Myndi bætast við liður: 9. Kosning spjaldskrárritara.

**9. gr. Stjórn.** Viðbót: Spjaldskrárritari heldur utan um skrá yfir félagsmenn og hefur umsjón með innheimtu félagsgjalda

#### Nýr liður,

**13. gr. Ákvæði til bráðabirgða.** Prentsögusetur sér um rekstur Gömlu prentsmiðjunnar að Laugavegi 29b. Aðalfundur Prentsöguseturs skipar 5 manna framkvæmdastjórn er hafi umsjón með daglegum rekstri Gömlu prentsmiðjunnar. Tekjur Gömlu prentsmiðjunnar skulu renna til Prentsöguseturs.

### Önnur mál

- a. Varðandi stöðu á geymslu safnhluta var lagt til að fá Þorsteinn til að kynna málið og setja okkur inní stöðuna.
- b. Lagt var til að gerð yrði tengiliðaskrá fyrir nýja stjórn. Það var samþykkt.

Næsti stjórnarfundur 9. apríl kl. 11:00.

Fundi slitið.